

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 4 mánuðir.

2. gr.

1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tekur af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings. Nú kemur fram ósk í stjórn Bandalagsins eða af hálfu fjármálaráðherra um, að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal slík allsherjaratkvæðagreiðsla þá fara fram meðal starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

2. gr.

Landspildurnar eru:

I. Landspila, sem afmarkast að vestan af mörkum Vífilsstaða og Hofstaða, að norðan af mörkum Fífuhvamms, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Vífilsstaðavegi.

II. Landspilda, sem afmarkast að vestan og norðan af girðingu við Hraunsholtslæk, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af mörkum Urriðavatns.